| | *Tegund brots* | *Sektarfjárhæð kr.* |
|---|---|---|
| **14. gr.** | **Sérstök ákvæði** | |
| *1. mgr.:* | Sérreglur um flutning á hættulegum farmi um jarðgöng eða brýr eigi virtar | 20.000 |
| *2. mgr.:* | Meira en 50 kg sprengiefnis flutt með sama ökutæki án tilskilins leyfis lögreglustjóra, skv. reglugerð um sprengiefni | 20.000 |
| | Tilkynningarskyldu til lögreglustjóra vegna flutnings hættulegra efna eigi sinnt | 20.000 |
| *3. mgr.:* | Ferming eða afferming (umferming) ökutækis með hættulegan farm ef um er að ræða efni skv. viðauka B í ADR-reglum og töflu í viðauka VI: | |
| | Á almennu svæði í þéttbýli án leyfis lögreglu | 60.000 |
| | Utan þéttbýlis án þess að tilkynna lögreglu | 20.000 |
| *4. mgr.:* | Ökutæki, sem flytur hættulegan farm í samræmi við viðauka B í ADR-reglum og viðauka VII, eigi vaktað | 20.000 |
| *5. mgr.:* | Ökutæki, með hættulegan farm eða hættuleg efni, samkvæmt viðauka B í ADR-reglum og viðauka VIII, stöðvað lengur en lögregla hefur heimilað nálægt íbúðarhúsnæði eða svæði þar sem almenningur á erindi. | 20.000 |
| *6. mgr.:* | Farþegi í ökutæki án undanþágu, sbr. viðauka B í ADR-reglum og viðauka IX. | 20.000 |
| **16. gr.** | **Réttindi ökumanna** | |
| *1. mgr.:* | Flutningur á hættulegum farmi án réttinda í samræmi við ADR-reglur sem staðfest eru með starfsþjálfunarvottorði | 30.000 |
| *2. mgr.:* | Ekið án aðstoðarmanns við flutning á sprengifimum vörum | 20.000 |
| | Aðstoðarmaður eigi með réttindi í samræmi við ADR-reglur sem staðfest eru með starfsþjálfunarvottorði | 20.000 |

Nr. 576 13. júlí 2001

# AUGLÝSING

## um deiliskipulag, Hörðuvellir – Reykdalsreitur, Hafnarfirði.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti með minni háttar breytingu tillögu að deiliskipulagi fyrir Hörðuvelli – Reykdalsreits á fundi sínum þann 22. maí 2001.

Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir grunnskóla, leikskóla og viðbyggingu við Sólvang.

Breytingin var auglýst 14. mars – 17. apríl 2001, og athugasemdafrestur til 2. maí sl. Athugasemdafrestur var síðan framlengdur til 7. maí sl., samkvæmt 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.br. og breytingin yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Hafnarfirði, 13. júlí 2001.*

F.h. Hafnarfjarðarbæjar.

**Guðlaug Erna Jónsdóttir,** skipulagsfulltrúi.

---